


Þorvaldur Skúlason (1906-1984), Haustfugl, 1970. Í einkaeigu.



Magnús Pálsson (1929), Flæðarmál (Spiaggia), 1976. Listasafn Íslands.

„Það er ábyrgðarmikið hlutverk að vera fulltrúi landsins og margir listamannanna sýna mikið af Íslandi eða þjóðarsálinni.

arnefndarinnar, í danska skálanum, og tveimur árum síðar sýndu Kristján Guðmundsson og Jón Gunnar Árnason. Frá 1984 leigði Ísland af Finnum skála sem Alvar Aalto hannaði og þar voru settar upp sýningar á hverjum tvíæringi til ársins 2005, en síðan hafa síðustu tveir fulltrúar, Steingrímur Eyfjörð og Ragnar Kjartansson, sýnt í skála sem leigður er fyrir utan aðalsýningarsvæðið.

Laufey segir að svo virðist sem upphaflega hafi verið ákveðið að senda brautryðjendur, þá Kjarval og Ásmund, enda mikilvægir listamenn og hefur valnefndinni þótt þeir eiga það skilið.

„Þessi sýning er í raun íslenska listasagan í hnotskurn. Fyrst koma brautryðjendur okkar, síðan er tekið stökk að brautryðjendum abstraktlistarinnar. Þegar Sigurður Guðmundsson sýnir þá erum við komin í takt við hina alþjóðlegu listasögu og eftir það finnst mér að við séum alltaf í takti við það sem er að gerast," segir Laufey.

„Það er ábyrgðarmikið hlutverk að vera fulltrúi landsins, og margir listamannanna sýna mikið af Íslandi eða þjóðarsálinni. Náttúran kemur sterk í gegn hjá sumum, þjóðarsálin hjá öðrum. Það eru margar hliðar á þessari sýningu – og svo á þjóðin rétt á að sjá hvað fulltrúar okkar voru að sýna í Feneyjum."

Laufey er sammála því sem sagt er, að Feneyjatvíæringurinn sé „Sýning sýninganna" og segir mjög mikilvægt að íslenskir listamenn eigi þar fulltrúa.

„Þetta er okkar eina tækifæri til að eiga opinberlega stefnumót við hinn alþjóðlega listaheim," segir hún.



Jón Gunnar Árnason (1931-1989), Cosmos, 1982. Listasafn Íslands.



Jóhannes S. Kjarval (1885-1972), Hugmynd. Landsbankinn.



Kristján Davíðsson (1917), Flæðarmál, 1983-84. Arion banki.